

**1948 nr. 44 5. apríl****Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins**

Tóku gildi 7. apríl 1948. Breytt með: L. 45/1974 (tóku gildi 5. júní 1974). L. 75/1982 (tóku gildi 10. júní 1982). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **matvælaráðherra** eða **matvælaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, [eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu],<sup>2)</sup> þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrd frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur,<sup>3)</sup> sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands.

□ Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 23. gr. <sup>2)</sup> L. 45/1974, 1. gr. <sup>3)</sup> Rg. 78/1978 (um skelfiskveiðar).

Rg. 200/1975 (um takmarkaða heimild til hringnótaveiða). Rg. 456/2017 (um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarti).

**■ 2. gr.**

□ Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

**■ 3. gr.**

□ [Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967,<sup>1)</sup> um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960,<sup>2)</sup> um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922,<sup>3)</sup> um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum . . .<sup>4)</sup><sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> Nú l. 79/1997. <sup>2)</sup> L. 40/1960 eru úr gildi fallin, sbr. l. 102/1973, 2. mgr. 17. gr. <sup>3)</sup> Nú l. 79/1997. <sup>4)</sup> L. 75/1982, 27. gr. <sup>5)</sup> L. 45/1974, 2. gr.

**■ 4. gr.**

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 23. gr.